

Subject: Málþing um þáttökulýðræði í sveitarfélögum

B.t. framkvæmdastjóra og oddvita allra sveitarfélaga

Samkvæmt lið 3.1.9. í stefnumörkun sambandsins fyrir þetta kjörtímabil skal sambandið styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þáttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt, m.a. með því að standa fyrir málþingi fyrir sveitarfélög og huga að auknu íbúalýðræði sem leið til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Í samræmi við þetta markmið stóð sambandið fyrir námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Svíþjóðar í fyrrahaust til að kynna sér hvernig sænsk sveitarfélög vinna að íbúasamráði, sjá <http://www.samband.is/verkefning/lydraedis--og-mannrettindamal/lydraedi-i-sveitarfelogum/>.

Í framhaldi af því hyggst sambandið standa fyrir málþingi sveitarfélaga, líklegast 8. september nk., til að kynna þáttökulýðræðisverkefni íslenskra sveitarfélaga og evrópsku lýðræðisvikuna sem Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins stendur fyrir árlega, sjá <http://www.congress-eldw.eu/>. Á málþinginu er einnig stefnt að því að kynna handbók um íbúasamráð sem er í vinnslu.

Sambandið treystir á áhuga og samstarfsvilja sveitarfélaga til þess að málþingið geti gefið góða og áhugaverða yfirsýn yfir fyrirmyndarverkefni íslenskra sveitarfélaga á þessu sviði sem stuðla að þátttöku íbúa og aðgangi að stjórnun og starfsemi sveitarfélaga, hvort sem það er á rafrænan hátt, með opnun gagna eða hverfanefndum til að nefna nokkur dæmi.

Sveitarfélög sem vilja miðla af reynslu sinni og/eða taka þátt í undirbúningi málþingsins eru vinsamlegast beðin um að svara þessum pósti í sl. 26. maí nk. til að tryggja að hægt sé að koma undirbúningi af stað áður en sumarleyfi skella á með fullum þunga.

Með góðum kveðjum og fyrirfram þökk
Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is
